



268. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 28. apríl 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, forseti bæjarstjórnar, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari
Reynir Ragnarsson, endurskoðandi Stykkishólmsbæjar

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 473, dags. 14.04.2011.

Liður 1 fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra, dags. 05.04.2011 (54. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt með áorðnum breytingum.

Bæjarstjórn þakkar Lionsklúbbum Stykkishólms, Kvenfélaginu Hringnum og Stykkishólmsdeild Rauðakross Íslands fyrir gjöf á rafmagnssturtustól og þakkir til Kvenfélags Helgafellssveitar fyrir gjöf á skutlu til notkunar innanhúss.

Liður 5 fundargerð atvinnuálanefndar, dags. 15.03.2011 (76. fundur).

Fundargerð framlögð

Liður 1 Atvinnuálanefnd leggur til að leitað verði eftir ráðgjöf hjá SSV -ráðgjöf og þróun um stefnumótun í atvinnuálanefnd og óskar eftir fundi með forsvarsmönnum SSV- ráðgjöf og þróun.

Bæjaráð samþykkir þennan lið.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Efling er sjálfstætt starfandi félag sem ætlað er að virkja fyrirtæki og einstaklinga í menningar- og atvinnuálanefndum. Starfsemi þess er og hefur verið drifin áfram af krafti og hugsjón félagsmanna. Atvinnuálanefnd vonast til að starfsemi Eflingar verði áfram öflug og í góðu samstarfi við bæjaryfirvöld og að félagið sjálft sé best til þess fallið að leggja mat á eigin störf og árangur undanfarinna ára. Efling þarf að vinna í nánú samstarfi við bæjarfélagið en samt að viðhalda sínu sjálfstæði, að öðrum kosti er hætt við að frumkvæðið hverfi. Atvinnuálanefnd telur að til



greina komi að fulltrúi nefndarinnar sitji sem áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum en sitji ekki í stjórn í ljósi fyrrgreinds sjálfstæðis félagsins.

Bæjarstjórn tekur undir bókun atvinnumálanefndar.

Fundargerð samþykkt.

Liður 7 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 14.03.2011 (137. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Hesthúsabyggð, deiliskipulagstillaga.

Lögð fram deiliskipulagstillaga af hesthúsasvæði Hesteigendafélagsins Fákaborgar í Stykkishólmi teiknað af Glámu Kím /Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 10.01.2011. Tillagan var í auglýsingu samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Gretari D. Pálssyni dags. 21.02.2011, Birni Sveinssyni dags. 24.02.2011, Magnísi Alexandersdóttur dags. 01.03.2011, Þórði A. Þórðarsyni dags. 04.03.2011, Guðmundi Kristinssyni og Birnu Sævarsdóttur dags. 06.03.2011, Guðmundi Kolbeini Björnssyni dags. 11.03.2011, Einari Þór Strand dags. 11.03.2011 og Róberti W. Jørgensen dags. 08.03.2011.

Athugasemdir og samantekt við athugasemdum dags 14.03.2011 lagðar fram og ræddar.

Formanni nefndarinnar ásamt skipulags- og byggingafulltrúa er falið að ræða við stjórn Hesteigendafélagsins um athugasemdir.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku:GDP og GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Skólastígur 9, girðing og hjallur.

Óli Jón Gunnarsson óskar eftir leyfi til að girða lóðina Skólastíg nr. 9 og byggja hjall samkvæmt teikningum og tölvupósti dags. 22.03.2010.

Erindi samþykkt. Girðing skal þó ekki vera hærri en 1 m.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Ásklif 2, breyting á svalahurð.

Elfar Gunnlaugsson sækir um að setja rennihurð í stað svalahurðar og glugga að Ásklifi 2, sbr. tölvupóst og tillögu dags. 03.2011.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 6 Smiðjustígur 2a, glugga á rishæð ásamt breytingum á grunnmynd.
Guðmundur Jón Sigurðsson sækir um að fjölga gluggum á norðausturhlið rishæðar ,úr einum í tvo, og breyta sjónvarpsrými í svefnherbergi samkv. teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni/Brynjari Daníelssyni dags. 14.02.2011.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 8 Silfurgata 12 , sumarbústaður.
Lögð fram samantekt byggingarfulltrúa dags. 4.03.2011, á skipulagslegri sögu hússins sem stendur við Silfurgötu 12.
Nefndin leggur til að eiganda verði gert skylt að fjarlægja sumarhúsið sem stendur í óleyfi á lóðinni Silfurgötu 12, sbr. afrit af þinglýstu afsali af húsinu dags. 19.05.1999.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku:GDP,LÁH og DS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 11 framkvæmdaleyfi, gámasvæði vestan við Snoppu.
F.h. Stykkishólmsbæjar sækir Gyða Steinsdóttir um framkvæmdaleyfi fyrir yfirborðsfrágangi á 1596 m² geymslusvæði fyrir gáma, staðsett við Snoppu, sbr. bréf dags. 9.03.2011.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 8 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 28.03.2011 (138. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Bókhlöðustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur, leyfi til að rífa húsið við Bókhlöðustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 28.01.2011.
Erindið var grenndarkynnt samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir Bókhlöðustíg nr. 5, 8, 9 , 10 og fyrir Skólastíg 14 (fyrir eigendum íbúða vestan megin í húsinu) og Silfurgötu nr. 15 efstu hæð. Athugasemdir bárust frá Ingibjörgu



Þorvaldsdóttur Bókhlöðustíg nr. 9, dags. 16.03.2011 og Halldóru Þorsteinsdóttur Bókhlöðustíg 8, dags. 20.03.2011.
Farið var yfir athugasemdir. Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku:DS,LÁH og GDP

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Bókhlöðustígur 1, breytingar á bílskúr.
Páll Gíslason sækir um að breyta hurðum og gluggum og klæða bílskúr með bárujárni samkvæmt teikningum dags. 20.03.2011.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 3 Laufásvegur 14, útlitsbreytingar.
Bryndís Eva Jakobsdóttir og Unnar V. Gunnarsson sækja um að setja svalahurð í stað glugga á suðurhlið hússins og loka svalahurð sem fyrir er sbr. bréf dags. 27.03.2011. Samþykki meðeigenda liggur fyrir.
Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 „Pylsuvagn“, stöðuleyfi.
Róbert Árni Jörgensen sækir um f.h. Ergospa, um endurnýjun á stöðuleyfi fyrir pylsuvagn, staðsettan á bílaplani við Kvenfélagsgarðinn, og einnig við gömlu kirkjunu í sérstökum tilfellum, sbr. tölvupóst dags. 22.03.2011.
Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi á vagninum við Kvenfélagsgarðinn til 1. nóvember n.k. Eftir þann tíma skal hann fjarlægður. Lögð skal áhersla á góða umgengni á svæðinu í kringum vagninn. Sækja þarf um aðra staðsetningu í hverju tilviki fyrir sig.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku:LÁH,GDP og DS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

Liður 16 fundargerð stýrihóps um svæðisgarð á Snæfellsnesi.



Framlagt. Samþykkt að taka þátt í verkefninu. Samþykkt að leggja fram 500.000 kr. ef af verkefninu verður.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 17 bréf mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 05.04.2011 varðandi stöðu framhaldsskólanna þriggja á Vesturlandi.

Framlagt. Bæjarstjórn fagnar ákvörðun mennta- og menningarmálmálaráðuneytis varðandi sjálfstæði Fjölbautaskóla Snæfellinga.

Liður 47 tillaga Gyðu Steinsdóttur, bæjarstjóra að breytingu á gjaldskrá tjaldsvæðis fyrir árið 2011.

Tjaldsvæði

| Gjaldskrá | 2010 | 2011 | | |
|-----------------|------|------------|-----------------|---|
| 16 ára og eldri | 900 | 900 | 16 ára og eldri | |
| Rafmagn | 500 | 600 | Rafmagn | |
| Tilboðspakkar | | | Tilboðspakkar | |
| 3ja daga dvöl | 1800 | 1800 | 3ja daga dvöl | 1 |
| 6 daga dvöl | 3600 | 3600 | 6 daga dvöl | |
| viku dvöl | 4050 | 4050 | viku dvöl | |

Gjaldskrá samþykkt og tekur hún gildi frá 1. maí 2011 n.k.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 48 tillaga Forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar að hækkun gjaldskrár sundlaugar 2011.

Hér eru drög að nýrri verðskrá sundlaugarinnar.

| | 2010 | 2011 |
|-------------------------|--------|--------|
| Fullorðnir | 400 | 420 |
| Börn (6-17 ára) | 160 | 170 |
| Börn 5 ára og yngri | frítt | frítt |
| Ellilífeyrisþegar | frítt | frítt |
| Öryrkjar | frítt | frítt |
| Árskort | 24.000 | 25.200 |
| 10 miða kort fullorðnir | 3.000 | 3.150 |
| 30 miða kort fullorðnir | 6.500 | 6.830 |
| 10 miða kort börn | 1.300 | 1.370 |
| 30 miða kort börn | 3.000 | 3.150 |



| | | |
|--------------------------|-------|----------------|
| Leiga á handklæði | 300 | 320 |
| Leiga á sundfötum | 300 | 320 |
| Sturta | 110 | 200 |
| Sjampó | 220 | 300 |
| Hárnæring | 220 | 300 |
| Einnota rakáhöld | 220 | 300 |
| Dömubindi/tappi | 50 | 50 |
| Tími í íþróttasal | 400 | 420 |
| Barnaafmæli í íþróttasal | 2.000 | 2.100 (60 mín) |

Vignir Sveinsson
forstöðumaður

Tillaga samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku:LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 49 bréf Jeratúns, dags. 01.04.2011 varðandi hlutafjárukningu aðildarsveitarfélaga í Jeratúni ehf. 2011.

Samþykkt að auka hlutafé í Jeratúni ehf. um kr. 5.670.000

Til máls tóku:LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 50 bréf velferðarráðuneytis, dags. 25.03.2011 varðandi nefnd um endurskoðun starfsemi HVE í Stykkishólmi.

Bæjarráð fagnar erindi Velferðarráðuneytis og bindur vonir við að vinna hópsins leiði til jákvæðrar niðurstöðu fyrir sjúkrahúsið í Stykkishólmi og fyrir samfélagið. Samþykkt að tilnefna Lárus Á. Hannesson og Gyðu Steinsdóttur. Fyrsti fundur var haldinn í dag með bæjarstjórn og nefndin á að skila af sér fyrir 1. júní n.k.

Til máls tóku:LÁH og GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 51 bréf Fjölbrautaskóla Snæfellinga, ódags. 2011 varðandi skólaakstur 2010.

Samþykkt að greiða kr.871.047 vegna skólaaksturs.

Til máls tóku:LÁH

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Liður 52 tillögur Sturlu Böðvarssonar frá fundi með bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar 17. mars 2011.

Tillaga 1 bæjarráð samþykkir að fela Atvinnuráðgjöf Vesturlands að taka saman allar tillögur sem koma fram í ræðum frummælenda og leggi fram sem skýrslu um helstu möguleika til vaxtar og nýsköpunar í atvinnulífnum í bænum. **Tillaga 4** bæjarráð leggur til að bæjarstjórn skipi þriggja manna samráðsstjórn sem kynni og hvetji til þess að hugmyndum fundarins verði hrundið í framkvæmd.

Tillögur 1 og 4 samþykktar.

Til máls tóku:LÁH og GDP

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 53 bréf félags Sérfræðinga, dags. mars 2011 varðandi styrk.

Bæjarráð sér sér ekki fært að veita styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 54 bréf foreldra leikskólabarna, dags. 10.03.2011 varðandi hækkun á systkinaafslætti.

Bæjarráð þakkar foreldrum leikskólabarna bréfið og afslættir verða skoðaðir.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 55 tölvupóstur Ferðamálasamtaka Snæfellsness, dags. 14.03.2011 varðandi tillögu um samstarf í tengslum við ferða- og atvinnumál á Snæfellsnesi.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið. Bæjarstjóra falið að skoða málið.

Til máls tóku:LÁH og GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 56 bréf Útgerðarfélagins Engeyjar ehf. dags. 24.01.2011 vegna lóðarumsóknar.

Bæjarráð hafnar úthlutun lóða á reitum 2 og 3 við Aðalgötu, sem Útgerðarfélagið Engeyjar sótti um. Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara.

Til máls tóku:GDP og GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Guðlaug sat hjá vegna tengsla.

Liður 57 verksamningur-Stykkishólmur, smábátaviðlega 2011.

Samningur framlagður og samþykktur.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 58 verksamningur-yfirborðsfrágangur á afmörkuðu svæði við flokkunarstöðina Snoppu.

Samningur framlagður og samþykktur.

Til máls tóku:LÁH og GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 60 tillaga um Stórsveit Snæfellsness.

Stórsveit Snæfellsness

Bæjarráð leggur til að kannað verði með sameiginlegt verkefni sveitarfélaganna á Snæfellsnesi, tónlistarskólanna í Stykkishólmi, Grundarfirði og Snæfellsbæ, Fjölbrautaskóla Snæfellinga (FSN) og Mennta og menningarmálaráðuneytis um tónlistarnám sem mögulegan hluta af námsframboði FSN.

Greinargerð: Mikil hefð er fyrir tónlistariðkun og kennslu á Snæfellsnesi. Því miður hefur það loðað við að eftir að nemendur ljúka námi í grunnskóla hætta þeir tónlistarnámi og tónlistariðkun. Ástæður brotthvarfsins gætu verið m.a. Að unglíngana skortir vettvang til að spila tónlist með sínum jafnöldrum, og á sínu getustigi. Skólalúðrasveitir svæðisins eru skipaðar nemendum á mjög breiðu aldursbili og með misjafna getu. Hættan verður því sú að lengst komnu nemendurnir staðni þar sem áskoranir eru ekki til staðar. Með samstarfi ofangreindra aðila væri hægt að uppfylla þarfir þessara einstaklinga til tónlistarnáms, á skólatíma og krakkarnir fengju áhugaverð verkefni við hæfi með sínum jafnöldrum að takast á við. Þátttaka nemenda í slíku tónlistarstarfi væri metið til eininga, auk þess sem snæfellsnes myndi eignast stórsveit sem spilað gæti við hin ýmsu tækifæri. Með þessu myndi menningar og tónlistarlíf eflast og vaxa enn frekar.

Lagt er til að þetta tilrauna – og þróunarverkefni yrði til 3ja ára og gæti orðið öðrum skólum og svæðum vakning til hins sama. Fjárhagslegur ávinningur er allra. Kennararnir væru að fá fjölbreyttari atvinnutækifæri, og gæti hvatt unglíngana sem vilja halda tónlistarstarfi áfram til að sækja nám í heimabyggð.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 61 tilnefning í 17. júní nefnd.

Erindinu vísað til bæjarstjórnarfundar.

Aðalmenn:

Jóhanna Guðbrandsdóttir form.

Svanur Már Grétarsson

Vaka Ólafsdóttir

Erla Harðardóttir

Símon B Hjaltalín



Varamenn:

Kristján Pétur Andrésson
Guðbjörg Valsdóttir
Matthías Þorgrímsson
Guðfinna Rúnarsdóttir
Hildur Vésteinsdóttir

Liður 62 skilti Breiðaferðarnefndar á hafnarsvæði.
Bæjarráð samþykkir skiltið að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 63 Matís.
Bæjarsjóra falið að ræða við forsvarsmenn Matís um leigu íbúðarhúsnæðis.

Til máls tóku: ÍHS, LÁH og GS

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 64 erindi Steinars Friðgeirssonar varðandi sjávarorkurannsóknir.
Bæjarráð samþykkir að vera með í verkefninu.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð stjórnar dvalarheimilis aldraðra, dags. 05.04.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.2. Fundargerð æskulýðs- og íþróttanefndar, dags. 28.03.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 28.03.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.4. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 15.03.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Til máls tók: GDP

2.5. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 15.03.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

2.6. Fundargerð skólanefndar, dags. 09.03.2011.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.7. Fundargerðir skipulags- og byggingarnefndar, dags. 14.03.2011 og 28.03.2011.

Fundargerðir framlagðar og samþykktar fyrr á fundinum.



- 3. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010, fyrri umræða.**
Reynir Ragnarsson endurskoðandi Stykkishólmsbæjar gerði grein fyrir Ársreikningnum og svaraði spurningum. Ársreikningnum vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Reynir vék af fundi kl:18:35

Til máls tóku:GDP,IHS,DS og LÁH

Fundargerðin upplesin og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:20
Þór Örn Jónsson